

Ed.

371. Frumvarp til laga

um styrk til vatnsveitna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkissjóður veitir styrk til vatnsveitna, er sveitarfélög láta gera, samkvæmt þeim reglum, er í lögum þessum segir.

2. gr.

Nú vill sveitarfélag koma upp vatnsveitu og fá styrk úr ríkissjóði til hennar, og skal sveitarstjórn þá, áður en framkvæmd verksins er hafin, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna. Jafnframt skal senda ráðherra frumdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um framkvæmd verksins, sem nauðsynleg þykja til að tryggja almenningshagsmuni.

3. gr.

Þegar ráðherra hefur veitt samþykki til vatnsveitugerðar, getur sveitarstjórn hafið framkvæmdir, sem skulu gerðar undir yfirumsjón vegamálastjóra eða annars manns, sem ráðherra samþykkir.

4. gr.

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, þar með taldir vatnsgeymar, dælur og jarðboranir. Styrkurinn nemi þó ekki meiru en helming kostnaðar þessa.

5. gr.

Ráðherra ákveður styrk til einstakra vatnsveitna, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Við styrkúthlutunina skal taka tillit til íbúafjölda á vatnsveitunum, fasteignamats eigna á staðnum og kostnaðar aðveitunnar. Styrkur til bæjarkerfis vatnsveitu til dreifingar vatnsins skal ekki veittur.

6. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til stofnæðar vatnsveitunnar (sbr. 4. gr.).

7. gr.

Til þess að standa strauum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum, er vatnsins njóta. Vatnsskatt skal miða við fasteignamatsverð húseigna, og einnig má ákveða lágmark vatnsskattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna.

Sérstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kaupþúsins eða kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal og í gjaldskrá.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

Vatnsskatt skal ákveða í reglugerð. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjald-daga með forgöngurétti fyrir hvers konar sanningsveði og aðfararveði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 22. gr. laga nr. 15 20. júní 1923 og lög nr. 129 9. des. 1941.